

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag íbúðarlóðar úr landi Fljótshóla 3 í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi.

Skipulagssvæðið er 33,6 ha og er gert ráð fyrir allt að 350 m² íbúðarhúsi ásamt bíla-geymslu og allt að 1.500 m² skemmu sem á að rúma hesthús, geymslu og vinnuaðstöðu. Mænishæð íbúðarhúss skal vera allt að 7 m frá jörðu og mænishæð skemmu allt að 10 m frá jörðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2007